

SÉRKJARASAMNINGUR
milli
Verkalýðsfélags Akraness
og
Samtaka atvinnulífsins
vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi

1. gr.

Samningstími

Kjarasamningur aðila vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi framlengist til 15. maí 2019 með þeim breytingum sem kveðið er á um í samningi þessum og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr

Laun

Kauptaxtar verða sem hér segir:

Almennir starfsmenn


	Frá 1. mars 2017	
	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	316.908	1.828,35
Eftir 1 ár í starfsgrein	320.250	1.847,63
Eftir 3 ár í starfsgrein	323.643	1.867,21
Eftir 5 ár í starfsgrein	327.087	1.887,08
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	330.583	1.907,24

	Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.
326.415	1.883,20	
329.857	1.903,06	
333.352	1.923,22	
336.900	1.943,69	
340.500	1.964,46	

Starfsmenn með SF-námskeið

	Frá 1. mars 2017	
	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	337.734	1.948,50
Eftir 1 ár í starfsgrein	343.022	1.979,01
Eftir 3 ár í starfsgrein	346.750	2.000,52
Eftir 5 ár í starfsgrein	350.534	2.022,35
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	354.374	2.044,50

	Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.
347.866	2.006,96	
353.313	2.038,38	
357.152	2.060,53	
361.050	2.083,02	
365.005	2.105,84	



Starfsmenn með SF-námskeið og viðbótarnámskeið

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	344.686	1.988,61	355.027	2.048,27
Eftir 1 ár í starfsgrein	353.425	2.039,03	364.028	2.100,20
Eftir 3 ár í starfsgrein	357.273	2.061,23	367.991	2.123,07
Eftir 5 ár í starfsgrein	361.179	2.083,77	372.014	2.146,28
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	365.141	2.106,63	376.096	2.169,82

Eftir endurnýjun almenns kjarasamnings SA og VLFA árið 2019 munu aðilar taka upp viðræður um framlengingu samningsins. Aðilar eru sammála um að launabreyting starfsmanna sem taki laun skv. samningi þessum gildi frá sama tíma og samið verður um í almennum kjarasamningum árið 2019, þó eigi síðar en 1. mars 2019.

3. gr.

Vaktavinna

1. mgr. gr. 3.2 orðist svo:

Í vaktavinnu skal greiða meðalvaktaálag, 36%, á vinnu vaktavinnumannar hvort sem unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum, tveir hópar, eða tvískiptum 12 tíma vöktum, þrír hópar. Meðalvaktaálagið felur í sér vaktaálög, skv. gr. 18.3.2 í samningi SGS og SA, og áðurgildandi frívaktarákvæði.

Grein 3.12 orðist svo:

Á vöktum eða þegar brætt er utan vakta fá starfsmenn greiddan kaupauka – vaktabónus. Greiddar eru kr. 167 á klst. (kr. 2000 á 12 klst. vakt).

4. gr.

Um vinnuföt

Grein 6.3 orðist svo:

Útivinnumenn og þróarmenn skulu fá vatnsheldan hlífðarfatnað og/eða kuldagalla/úlpu og skal hann endurnýjaður eftir þörfum. Verkamenn sem vinna með skaðleg efni, eða við óþrifaleg störf skulu fá gúmmihanska eftir þörfum.

5. gr.

Afgreiðsla sérkjarasamnings

Verði almennum kjarasamningum SA og stéttarfélaganna sagt upp í febrúar 2018 og samið um meiri hækkun launa munu aðilar taka upp viðræður um breytingu á launalið samnings þessa. Sama á við ef gerðar verða breytingar á almennum kjarasamningum á gundvelli forsenduákvæða þeirra.

Reykjavík, 31. maí 2017

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vinnjánum Þingin
Bjarni T. Árgeason

F.h. Samtaka atvinnulífsins
v. HB Granda hf.

Regnars T.
Gosdís S.
Fríðrikur M.

Bókun vegna neysluhléa

Aðilar eru sammála um að greiðsla fyrir sveigjanleg neysluhlé og tilfallandi vinnu í neysluhléum sé innifalin í kauptöxtum. Ef vinna er hins vegar skipulögð á þann hátt að starfsmenn eiga almennt ekki kost á að taka að fullu þau neysluhlé sem kjarasamningurinn kveður á um þá skuli koma greiðsla fyrir.

Yfirlýsing HB Granda vegna vaktabónuss

Á samningstímabilinu mun vaktabónus hækka um sömu krónutölu og í öðrum fiskmjölsverksmiðjum (frá 1. mars 2017 um kr. 209 fyrir fyrstu 50 vaktirnar og kr. 935 fyrir vaktir umfram 50, m.v. 12 klst. vaktir).

F.h. HB Granda hf. 31. maí 2017

Gáðar Svanarsson